

Greinagerð vegna grænfána 2017-2019

Leikskólinn Hvammur

Umhverfisnefndin

Hefð er fyrir því að í umhverfisnefnd sitji tveir elstu árgangar leikskólans, börnin í mið- og stóra hóp ásamt kennurum hópanna. Fundir eru nokkrum sinnum yfir önnina á föstudögum eftir hádegi. Byrjað var á að hafa fund að hausti 2017 og þá var rætt um hvaða markmið væri hægt að setja sér í þemanu hnattrænt jafnrétti. Ekkert gerðist svo fyrr en eftir áramót þegar hugmyndir barnanna voru flokkaðar og fundið samræmi í þeim ásamt umhverfisgátlistanum og í framhaldi af því fundin markmið út frá því hvað börnin vildu læra um börn í öðrum löndum. Í framhaldi af þeim markmiðum var ákveðið að halda fund þar sem markmiðin voru kynnt og þá hófst vinnan. Það skólaárið fengum við þau börn sem höfðu tengingu til útlanda og voru á leiðinni þangað til þess að afla upplýsinga fyrir okkur og kynna fyrir okkur.

Skólaárið þar á eftir var heimsálfunum skipt upp á milli umhverfisráðsfunda og fengum við nemendur sem hafa tengingu til landa í heimsálfunum til þess að segja frá þegar hver heimsálfa átti tíma. Fengum við foreldra með okkur í lið við að aðstoða börnin sín og var góð þátttaka og almenn ánægja, bæði þeirra sem fluttu erindi og einnig þeirra sem hlustuðu. Þau börn sem sögðu okkur frá uxu sem einstaklingar við að segja frá bakgrunni sínum. Fundargerðir eru í fylgiskjölum.

Mat á stöðu umhverfismála

Í umhverfisnefndinni eru tveir elstu árgangar leikskólans sem eru á fjórum deildum. Hver deild fyllti út umhverfismat/gátlista. Kennarar lásu fyrir nemendur og fylltu út þau svör sem nemendur gáfu. Kennarar hafa þó haft það á orði að verkefnið hafi aukið sjálfstraust þeirra nemenda sem hafa sagt frá en einnig hefur þetta aukið þekkingu allra nemenda varðandi önnur lönd, þá aðallega þau lönd sem nemendur leikskólans tengjast. Einnig fannst nemendum þeir vera að standa sig vel samkvæmt gátlistanum. Við höfum ekki mælt neitt varðandi þemu sem skólinn vann að áður. Það hafa verið byggingarframkvæmdir við skólann sem hafa skert aðgengi, því var tímabundið hætt með moltutunnu og eins hefur endurvinnsla ekki verið í föstum skorðum. Ekki er hægt að skoða hvort rafmagnsnotkun hafi minnkað eða aukist út af framkvæmdunum þar sem ljós hafa logað í nýbyggingunni og rafmagnsfrek verkfæri verið notuð.

Áætlun um aðgerðir og markmið

Við byrjuðum á því að setjast niður með börnunum og ræða hvaða þemu væru í boði, við sögðum þeim frá tveimur þemum og varð hnattrænt jafnrétti fyrir valinu, það langaði öllum til þess að kynnst lífi barna í öðrum löndum. Við skiptum þá börnunum niður í hópa þar sem við ræddum um hvað þau langaði til þess að læra um börn í öðrum löndum og vita um hagi þeirra (sjá í fundargerð 15. sept. 2017. Við flokkuðum svo þessi markmið, og bárum þau saman við umhverfisgátlista sem er fyrir hnattrænt jafnrétti til þess að vita hvort við værum á réttri leið.

Markmiðin okkar á árunum 2017-2019 eru að kynnst:

...leik og tónlist frá öðrum löndum

...lífsgæðum í öðrum löndum

...mat og venjum frá öðrum löndum

...sögum frá öðrum löndum

...fatnaði frá öðrum löndum

...framleiðslu frá öðrum löndum

Í framhaldi af þessari markmiðasetningu skráðum við markmiðin í töflu og hvernig við ætluðum að ná þeim. Foreldrar skipta miklu máli og voru þau mjög hjálpsöm þegar kom að því að afla upplýsinga. Margir sendu myndir, bjuggu til glærukynningar, komu með hluti að heiman eða að minnsta kosti punkta að heiman. Markmiðssetningablaðið er í fylgiskjölum. Skólaárinu var skipt upp eftir heimsálfum og reynt var að uppfylla öll markmið varðandi hverja heimsálfu.

Áður höfum við unnið með áttaha, úrgang (rusl) og lýðheilsu. Þeir sem hafa lengst starfað við skólann eru oft með þessi þemu bakvið eyrun en sumt hefur orðið að skólabrag hjá okkur. Það er þó spurning um að fara að vinna aftur að fyrsta þemanu sem við vorum með áður en við sóttum um fyrsta fánann þar sem börnin sem eru að vinna að verkefninu núna voru ekki fædd þegar unnið var með það þema.

Eftirlit og endurmat

Markmiðin sem tengjast þessu þessu þema eru öll frekar huglæg og því er erfitt að mæla þau. Við tökum þó eftir því að þeir sem eiga foreldra af erlendu bergi eða börn sem hafa búið í útlöndum eru opnari gagnvart hinu landinu og eru opnari við að segja frá og ræða.

Samnemendur eru einnig duglegir við að spurja, hvort hlutirnir séu svona eða hinsegin erlendis. Umræðurnar eiga sér stað víða, í púðastofu, við matarborðið og í fataklefanum svo eitthvað sé nefnt. Þetta hefur einnig styrkt sjálfstaust barna með blandaðan bakgrunn. Kennarar nýta einnig tækifærið og spurja eða rifja upp frá umhverfisráðsfundum.

Námsefnisgerð og tenging við aðalnámskrá

Þegar við byrjuðum að vinna að hnattrænu jafnrétti þá hugsuðum við fyrst um það hvaða bakgrunn börn á leikskólanum væru með og hvernig við gætum virkjað tengslanetið sem við hefðum þar. Í Aðalnámskrá leikskóla er talað um að leikskólar og heimilin séu samstarfsaðilar og þar er hvatt til þátttöku fjölskyldna í leikskólastarfi (bls. 26 og 33). Við vildum með þessu gefa börnunum okkar tækifæri til að kynna lífi barna í flestum heimsálfum á þeirra forsendum. Því fór svo að börnin settust niður og ræddu um það á sinni deild hvað þau langaði til þess að vita um frá örðum löndum, til varð því spurningalisti með mörgum skemmtilegum og mikilvægum spurningum, til dæmis um mat og drykk í öðrum löndum, leiki og leikföng, hvaða lög væru sungin á leikskólum en einnig það hvort það væru til breytibolir.

Í daglegu starfi er talað um að hver eigi að fá að vera eins og hann er og hver eigi að stjórna sér sjálfur en eigi ekki að láta stjórnast af öðrum. Með þessu erum við að bera virðingu fyrir manngildi hvers og eins og styrkja hvern og einn sem einstakling (bls. 14). Hver eigi að hafa rétt á sinni skoðun og segja frá sinni líðan.

Við reynum að fara eins vel með pappír og annan efnivið og hægt er. Fyrir opið hús sem er í byrjun febrúar er á elstu deildunum unnið með opinn efnivið (rusl) sem nemendur koma með að heiman. Nemendur koma með tillögur að verkefni sem er unnið sameiginlega og svo er kosið um hvað á að útbúa úr ruslinu (lýðræði). Í gegnum árin hefur margt verið brasað úr rusli, meðal annars geimskip, blettatígur, risaeðla og hvalur þannig að það ekkert er ómögulegt. Eftir áramóttin förum við á elstu deildunum á stjá og tinum flugeldaprik í hverfinu til þess að nýta sem bolluvandarprik. Oft finnum við mikið af prikum og þá fyrir nánast allar deildir leikskólans, það hefur minnkað kostnað við að kaupa bolluvandarprik fyrir bolludaginn og er hluti af sjálfbærni þar sem við viljum skila umhverfinu frá okkur í ekki verra ástandi en við tókum við henni (bls. 13).

Í skóla þar sem lögð er áhersla á hreyfingu og markvisst hreyfiuppeldi er lagður grunnur að velferð til lífstíðar (bls. 16). Við tengjum hreyfingu inn í allt skólastarf og er lagt upp með að hvert barn fari að minnsta kosti einu sinni út á dag. Í útiverunni nýtum við nærumhverfi

okkar og nýtum heitin á stöðum í umhverfinu sem við þekkjum frá því að við vorum með áttuga sem þema. Við hvetjum börnin til þess að vera dugleg að drekka vatn og borða hollan mat og bjóðum upp á ávexti tvisvar á dag. Við erum því vakandi yfir markmiðum sem sett voru áður fyrr hér á leikskólanum.

Í Aðalnámskrá leikskóla segir að jafnréttismenntun feli í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu með það fyrir augum að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra (bls. 15). Þegar upp er staðið hefðum við betur mátt skoða það hvort öll börn í heiminum hafi það gott. Þegar þessi skýrsla er skrifuð þá á eftir að skoða nokkrar heimsálfur og því væri málið að skoða þessa hluti.

Kynning á stefnunni

Umhverfisstefnan er kynnt á foreldrafundi fyrir nýja foreldra í upphafi skólaárs. Á hverri deild er umhverfissáttmáli og umhverfismarkmið, fánar eru einnig sýnilegir við flestar deildir, þá fánar sem tengjast börnunum sem eru á þeirri deild. Á kynningarfundum að hausti var stefnan kynnt fyrir foreldrum og þeim bent á að aðstoðar þeirra gæti verið leitað við upplýsingaöflun. Þar sem við vorum að vinna með hnattrænt jafnrétti þá fengum við foreldra með okkur í lið til þess að afla efnis, þá aðallega þá foreldra sem eiga vensl við önnur lönd eða hafa búið erlendis. Fyrir opið hús í byrjun febrúar er unnið með endurnýtanlegan efnivið og eins hafa börnin sungið umhverfissáttmálann fyrir foreldra.

Umhverfissáttmálinn

Við ákváðum að skipta um umhverfissáttmála eftir afhendingu síðasta fána. Í tilefni af 30 afmæli leikskólans færði Ingveldur Thorarensen, starfsmaður leikskólans og skáld, leikskólanum lag og ljóð. Innblástur ljóðins er um náttúruna, endurvinnslu, sjálfsrækt og hringrás lífsins, í rauninni allt það sem við höfum verið að vinna í grænfánavinnunni í gegnum tíðina. Hún hafði einnig til hliðsjónar gamla umhverfissáttmálann okkar sem var unninn af börnum leikskólans á árum áður eftir hugstormun og umræður. Kosturinn við nýja umhverfissáttmálann er sá að það er hægt að syngja hann og því geta allir lært hann og tileinkað sér annað en gamla sáttmálinn sem var erfitt að læra. Sáttmálinn okkar er hluti af lengra ljóði en

við ákváðum að hafa sáttmálann einungis viðlagið, elstu nemendur leikskólans kunna þó allt lagið.

Umhverfissáttmáli Hvamms

Við viljum gera betur en í gær

Ganga vel um og líta okkur nær

Heimurinn stóri alltaf er þó kær.

Við eigum saman jörðina og allt sem þar grær.

Ingveldur Thorarensen

Fylgiskjöl

Umhverfissráðsfundur 15. september 2017

Hnattrænt jafnrétti: *Hvernig tengjumst við öðrum heimshlutum? Hvernig hafa nemendur það annars staðar? Búa allir við í heiminum við félagslegt réttlæti? Hefur lífstíll okkar einhver áhrif á líf fólks annars staðar í heiminum? Getum við sett okkur í samband við nemendur annars staðar í heiminum?*

<p>Álfaborg - Ásta: Hvort þau leiki öll saman? Hvort allir séu vinir? Fá börn í Afríku sælgæti?</p>	<p>Tröllaborg: Fara þau í leikskóla? Fara með systur í USA í leikskólann? Hvort þau fari í leikskóla? Börn í Afríku – sult Hvernig dót er í Afríku? Hvernig er í Lithaen? Eru margar búðir í Afríku? Mexíco – börn? Er trampólín í Afríku?</p>
<p>Hamarsborg: Um börn í Marakó? Börn í SA í leikskóla? Börn í Svíþjóð fá í morgunmat? Börn nota spjaldtölvur í Afríku? Hvað börn gera í Afríku? Sjá hvað þau borða? í Portúgal, Frakklandi Hvernig vináttan er? Hvort þau fara út að leika í Asíu? Hvort þau hluta á kennarann? Hvort þeim sé keyrt á leikskólann? Hvort þau séu með kaffitíma í Þýskalandi?</p>	<p>Álfaborg – Guðrún Edda: Er rólóvöllur í Kína? Hvað borða börnin í Kína? Hvað borða börn í útlöndum? Hvað borða krakkar í morgunmat í Ástralíu? Tína börn rusl í Kína? Eru allir að nota spjaldtölvu í útlöndum? Er púðastofa í kínverskum leikskólum? Úkraía – hvernig föt? Hvernig dót leika börn með í öðrum löndum?</p>
<p>Vitaborg: Hvort börnin í Rússlandi fái nóg að borða og nóg að drekka? Hvað börn gera á Ítalíu? Hvort börn leiki sér úti? Hvort börnin séu óþekk? Hvort börnin í heitu löndum eigi skó og fái nægan mat og nóg vatn? Hvort börn séu að skemma dótið? Vita hvað börn í Svíþjóð gera í leikskólanum? Hvað börn gera í leikskólanum á Spáni? Hvort þau séu góð við dýrin? Hvort börn í Marakó séu að borða morgunkorn? Hvað börn í Þýskalandi borða? Hvort börn í Danmörku gangi í skóla? Hvort börn í heitum löndum fari í sund eða strutu? Hvort börnin séu góð við náttúruna? Hvort börnin í Kína séu í leikskóla? Hvað börnin borða í Englandi?</p>	<p>Samantekt Hvað borða börnin í útlöndum? Hvernig leika börnin í útlöndum? Hvernig er vináttan í útlöndum? Hvernig dót leika börnin með í útlöndum? Hvort börnin gangi í leikskóla? Hvort börnin noti spjaldtölvur í skólanum? Í hvernig fötum eru börnin í útlandinu?</p>

Markmiðin okkar fyrir 2017-2019 eru að kynnast:

- ✓ Leik og tónlist frá öðrum löndum
- ✓ Lífsgæðum í öðrum löndum
- ✓ Mat og venjum í öðrum löndum
- ✓ Sögur frá öðrum löndum
- ✓ Fatnaði frá öðrum löndum
- ✓ Framleiðsla frá öðrum löndum

Byrjum á börnum með erlendan uppruna sem eru á deildinni til sumarsfrís síðan eftir sumarfrí þá byrjum við með hver deild með allar heimsálfurnar síðan berum við saman. Sigrún ætlar að prenta út heimskort sem hægt verður að merkja á.

Umhverfisráðsfundur 2. mars 2018

Þar sem lagt var upp með fyrir fund var að synga Ekki gleyma, Meistari Jakob á ísl. dönsku, ensku, pólsku, ítölsku og frönsku. Við dönsuðum Blómadansinn frá Belgíu.

Spurningin var : *Hvað getum við gert til að komast að öllum þessum atriðum sem okkur langar til að vita?*

- ✓ Fara til útlanda
- ✓ Komast að þessu á Tenerife
- ✓ Börn í Californíu fara ekki á leikskóla
- ✓ Tala í síma
- ✓ Tala í Ipad
- ✓ Lesa bók
- ✓ Tala útlensku
- ✓ Tala í rör
- ✓ Skrifa bréf og skutla til þeirra
- ✓ Flöskuskeyti
- ✓ Tengja við Blæ

Ákveðið var að senda bréf til sex heimsálfa: Asía, Afríka, Evrópa, S- og N- Ameríka og Australía.

Umhverfisráðsfundur 27. apríl 2018

Markmiðin okkar fyrir 2017-2019 eru að kynnast:

- ✓ Leik og tónlist frá öðrum löndum
- ✓ Lífsgæðum í öðrum löndum
- ✓ Mat og venjum frá öðrum löndum
- ✓ Sögum frá öðrum löndum
- ✓ Fatnaði frá öðrum löndum
- ✓ Framleiðslu frá öðrum löndum

Í dag 27 apríl 2018 var haldinn Umhverfisráðsfundur með mið- og stóru hópum á Hvammi. Á síðasta fundi ákváðum við að við vildum fræðast um hvernig börn í öðrum löndum haga sínu lífi. Hvort matarvenjur væru ólíkar okkar á Íslandi, hvernig lífsgæðum væri háttað, hvort þau leiki sér með álíka dót og fleira sem er tekið fram hér að ofan í markmiðum okkar.

Á fundinum fengum við að fræðast um ýmislegt tengt börnum frá Póllandi, Afríku (Marokkó) og Kína. Bartosz fór í frí með fjölskyldu sinni til Póllands og varð margs vísari eftir dvölinna þar. Hann komst að því að í Póllandi leika börnin sér með kubba eins og við en í Póllandi er engin púðastofa til að leika sér í. Á leikskólum í Póllandi eru ekki spjaltdölvur fyrir börn að leika sér í eins og við höfum hér á landi. Það sem börnunum fannst einna merkilegast er að börn í Póllandi fara ekki út að leika ef það rignir úti. Við fengum einnig að sjá myndband af börnunum í Póllandi dansa og leika sér.

Kristín ferðaðist alla leið til Kína og þar fékk hún að vita og kynnast ýmislegu varðandi börn og leikskóla þar. Í Kína tala börnin oftast kínversku en syngja líka oft á ensku. Börn í Kína borða ávexti í leikskólanum eins og hér á Íslandi. Þau borða ýmist asískan eða evrópskan mat í hádeginu. Við fengum að sjá nokkuð af myndum úr ferð stúlkunnar og þar sáum við að þau eru með búningakrók eins og við höfum og þau leika sér með alveg eins einingakubba eins og við. Við sáum líka matarborð og stólana sem þau sitja við þegar þau borða og börnin ráku augun í það að stólarnir fyrir kennarana voru jafn stórir og fyrir börnin og þeim fannst það frekar skondið.

Svo fór hún Elísa í frí til Afríku (Marokkó) og kom til baka með ýmsan fróðleik fyrir okkur. Hún komst að því að börnin í Marokkó eiga ekki mikið af dóti og þar eru fáir leikskólar. Börnin í Marokkó leika sér mikið á ströndinni og á leiksvæðum sem eru umkringdir háum

veggjum. Hún fræddi okkur um það að flestir væru með epla- og appelsínutré í görðum sínum. Í Marokkó borða margir úti þær sem veðráttan býður upp á það annað er hér á landi. Einnig fannst börnunum áhugavert að flest allt brauð sem fólk borðar er flatt. Í Marokkó nota margir slæður en það er valkvætt. Á föstudögum er flest allt lokað og þá fara margir í moskur.

Ekki er mikið um bíla í Marokkó heldur ferðast fólk mikið um á mótorhjólum með kerru. Eins og gefur að kynna þá fengum við mikinn fróðleik um hvernig börn hafa það í Póllandi, Kína og Afríku og hlökkum mikið til að kynnast því hvernig börn hafa það í öðrum heimsálfum. Við munum halda áfram að kynna okkur það á næstu mánuðum.

Í lok fundarins fórum við yfir Umhverfissáttmálann okkar en hann er hér að neðan.

Umhverfissáttmáli Hvamms

Við viljum gera betur enn í gær

Ganga vel um og líta okkur nær

Heimurinn stóri alltaf er þó kær

Við eigum saman jörðina og allt sem þar grær

Ingveldur Thorarensen

Umhverfisráðsfundur 14. september 2018

Við byrjuðum fyrsta umhverfisráðsfund vetrarins á að pæla í þremur hlutum, bleyju, peru úr ávaxtaskáinni hjá okkur og plastflösku. Við ræddum um hvað yrði um þessa hluti ef þeir yrðu grafnir í jörðina fyrir utan leikskólann. Miðhópar voru búnir að grafa holu fyrir fundinn sem þessir þrír hlutir voru settir ofaní og munum við vitja þeirra í vor áður en skóla lýkur.

Við rifjuðum upp umhverfissáttmálann okkar og fórum yfir markmiðin og ræddum hvernig við gætum uppfyllt þessi markmið. Við ræddum um það hverjir eiga foreldra frá öðrum löngum sem gætu kannski hjálpað okkur. Við ræddum um heimsálfur og að við munum næst fjalla um Ameríku og Afríku.

Umhverfisráðsfundur 2. nóvember 2018

Á þessum fundi var fjallað um Ameríku og Afríku.

Við byrjuðum á því að syngja umhverfissáttmálann okkar.

Óðinn Leó sagði okkur frá Kanada en hann bjó þar ásamt fjölskyldunni sinni áður en hann flutti til Íslands. Hann sagði okkur frá því að í Kanada búi fólk í húsum sem séu ekki eins og á Íslandi, þau séu oft stærri og með skorsteini og viðararnir til þess að hlýja fólki þegar það er kalt á veturnar og tæki til að kæla loftið þegar það er heitt á sumrin. Svo skreyta margir húsín sín mikið fyrir jólin. Garðarnir við húsín eru yfirleitt stórir, með stórum grasflötum, fónum blómum og stórum trjám. Það er mikið leikið úti í Kanada og á sumrin eru notað allskyns útidót til dæmis hjól, hlaupahjól, bátar, tjöld, fótbotladót og allskonar annað skemmtilegt dót. Þegar það er heitt veður finnst krökkum gott og gaman að busla í köldu vatni. Á sumrin klæðir fólk sig í sumarföt eða stundum bara sundföt. Á veturnar er leikið úti og þá þarf að klæða sig vel því það er kalt. Þá er mikið spilað íshokkí og meira að segja mynd af börnum í hokkí á 5 dollara pengingaseðlinum í Kanada. Í Kanada er vinsælt að borða pönnukökur með hlýsírópi og þykku Kanadísku sírópi. Á sumrin er oftast borðað úti og þer oft grillað og borðaðir ávextir sem svala í hitanum. Flestir drekka vatn í Kanada en líka vatn, mömmur og pabbar drekka kaffi og te. Hljóðfærin eru flest mjög svipuð og á Íslandi en í Kanada búa indjánar og þeir nota trommur þegar þeir dansa og syngja á hátíð sem heitir pow wow. Á leikskólanum er sungið svipað og á leikskólanum hér á landi nema lögin eru með enskum texta. Sögur í Kanada eru margar um skógarbirni og önnur dýr í skóginum en upphaldsbækur Óðins eru sögurnar um Bjarnastaðabangsana (The Berenstain Bears)

Tanja sagði okkur frá Afríku en hún fór til Kenya. Hún sagði okkur frá því að krakkarnir leika sér mjög svipað og við, þau leika til dæmis í boltaleikjum, með brúður og fara í samstæðuspil. Tónlistin frá Afríku er töluvert öðruvísi en við þekkjum en þau hlusta þó líka á sömu tónlist og við gerum, erlenda frá þekktu tónlistarfólki. Hljóðfærin eru heimagerð og eru þau gerð úr tunnum, gömlum dollum og fleiru. Í skólum eru krakkarnir í skólabúningum en annars eru þau í svipuðum fötum og við göngum í. Sumir ættbálkar klæða sig aðeins öðruvísi og fengum við að sjá myndir af því. Tanja sá einnig allskyns dýr í Kenya og sýndi hún okkur myndir af þeim. Það er mikið borðað af grænmeti og korni í Kenya og borða allir með höndunum. Við enduðum svo á að syngja höfðu herðar hné og tær.

Umhverfisráðsfundur 11. janúar 2019

Á þessum umhverfisráðsfundi var fjallað um lönd í Evrópu, 4 börn sögðu frá. Halldór sagði frá Frakklandi en pabbi hans er franskur og fer hann sjálfur í frí til Frakklands. Hann sagði okkur frá því hvað börn heita í Frakklandi og hvað frændi hans og frænka heita. Hann sagði okkur að börn nota eins dót og leiki sér eins og á Íslandi. Börnin leiki mikið úti og á sumrin séu sundlaugar, flugdrekar og hjól notuð, einnig sé hægt að fara að paddla. Húsin eru stærri en á Íslandi og búa amma hans og afi í múrsteinahúsi og garðarnir séu stærri og það sé oft borðað úti á sumrin og fólk gangi í stuttbuxum og stuttermabolum á sumrin. Í Frakklandi eru borðaðir sniglar og froskalappir og mið af brauði og ostum og nutella. Það sé drukkið vatn og vatn með búbblum og stundum sett síróp úti. Frakkar borða með hnífum og göfflum og líka skeiðum. Hljóðfæri eru eins og á Íslandi og sungin svipuð lög og hjá okkur á leikskólum nema bara á frönsku. Það er fullt af bókum í Frakklandi og bækur um Ratatouille sem við fengum að sjá mynd af.

Matthías sagði okkur frá Þýskalandi en hann pabbi hans er þaðan og hefur Matthías farið í heimsókn þangað. Hann sagði okkur frá því hvaða nöfn eru algeng í Þýskalandi og því hvað frænka hans heitir. Í Þýskalandi leika börn sér mikið með lestadót og púsl og leika sér meðst heima hjá vinum sínum og spila oft á spil og fara í þrautir. Úti er mikið af hjólum og eru hjólin mikið notuð. Í Þýskalandi eru stór hús og flottir garðar fullir af dóti og blómum. og á sumrin gegnur fólk í stuttum fötum þar sem það er mjög heitt. Í Þýskalandi er boðaður allskonar matur og mikið af grænmeti, með þessu er drukkið vatn og eplasafi, stundum með gosi, oftast þunnur eplasafi með smá gosi og það er notaðir hnífar og gafflar. Einnig er boðað mikið af haribo froskum. Hljóðfæri eru eins og á Íslandi og í leikskólanum eru sungin lög eins og Bob der Bahn og 5 kleine Fische. Það er mikið af bókum og það er til sama um Rottu fangarann frá Hameln. Andrea sagði okkur frá Litháen en þar í landi eru sundlaugar og sundlaugagarðar en það er ekkert heitt vatn svo sundlaugarnar eru kaldar nema það sem sólin nær að hita upp. Í Litháen er boðað Cepelinai sem er kartöflu og kjötréttur og einnig köld rauðrófusúpa með eggi úti. Það er borðað mikið af grænmeti og rækta amma hennar og afi grænmeti sjálf til þess að borða. Veðrið er yfirleitt gott en það geta komið þrumur og eldingar.

Anton Máni sagði okkur frá Danmörku en hann fór í heimsókn til fjölskyldunnar sinnar þar og sýndi hann okkur myndir úr ferðinni. Hann sagði okkur hvað frændfólkið hans heitir og sýndi okkur myndir. Hann sagði okkur frá frænda sínum sem er á útileikskóla, það er allt gert úti, það er bara smá skýli til þess að leyta sér skjóls í. Á sumrin er mjög gott veður, þá eru allir í stuttbuxum og stuttermabol, þá er einnig gott að fara í sjóinn eða vötn til þess að kæla sig. Hann leyfði okkur svo að heyra lög sem við þekkjum nema bara á dönsku.

Umhverfisráðsfundur 17. janúar 2019

Aría sagði okkur frá Noregi en hún bjó þar áður en hún flutti til Íslands. Hún sýndi hún okkur myndir af því hvar kóngurinn býr og fólki á gönguskíðum. Í leikskólanum var púðastofa með mörgum flottum púðum, einnig var tekið með nesti og borðað úti. Í Noregi leika börn sér mikið úti, það er hægt að fara á leikvöll, klifra og fleira. Á sumrin er gott veður og er því er gott að vera berfættur eða á sundfötum og þá er líka gott að kæla sig á ströndinni eða grafa sig í sandinn.

Dagur sagði okkur frá Frakklandi en hann fæddist þar og bjó þar í nokkur ár. Dagur sýndi okkur fullt af myndum, meðal annars af sér og bróður sínum þegar þeir voru í júdó. Fjölskyldan bjó til snjókarl en það er bara snjór í Frakklandi á jólnum en heitt á sumrin. Í Frakklandi er borðað creps sem eru franskar pönnukökur, jarðaber tínd í fötur og borðaðar froskalappir með kartöflumús. Dagur var einnig að leika sér í handbolta með bróður sínum og pabba. Í leikskólanum var ekki púðastofa og ekki spjaldtölva. Það var leikið úti ef það var sól en ef það var rigning var horft á sjónvarpið, aldrei leikið úti í rigningu. Margir krakkar leggja sig í leikskólanum þar sem þeir fara oft seint að sofa. Sundlaugarnar í Frakklandi eru kaldar. Börn tína flöskur og rusl og leikskólanum hlusta börn á frönsk lög td krókódíll í lyftunni minni. Við fengum svo að heyra franskt sniglalag.

Amelía sagði okkur frá Póllandi og því að börnin þar borða mikið kjöt og egg og rjóma, allskonar grænmeti. Amelíu líkar best við póska súpu. Það er ekki mikill ís í Póllandi. Börnin leika öll saman, til dæmis í rennibraut og rólu. Fólk klæðir sig í allskonar föt og börnin eru á nærfötum á sumrin því það er svo heitt. Það eru sundlaugar í Póllandi, stór sundlaug þar sem fólkið fer en amma á litla sundlaug. Amelía leyfði okkur svo að heyra pólska tónlist.

Spurningar um lönd frá Hamarsborg

Hvað heita börn og hvernig líta þau út?

Hvernig dót nota börnin?

Hvernig leika þau saman?

Hvað er borðað?

Hvað er drukkið?

Nota börnin hníf og gaffal?

Hvernig er útidótið?

Hvernig eru garðarnir við húsin?

Er Blær bangsi í landinu?

Hvernig eru hljóðfærin?

Hvaða lög eru sungin á leikskólum?

Hvernig búa þau, í hvernig húsum búa þau?

Hvernig sögur eru sagðar? Eru bækur?

Hvernig fötum gengur fólk í?

Eru breytibólir?



LANDVERND

Markmiðssetning

Dagsetning: mars 2018 _____

Pema/pemu: _____

Hnattrænt jafnrétti _____

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgir	Efni/áhöld	Tímarammi	Mat
1. Kynnast sögum, leik og tónlist frá öðrum löndum	a. Hlusta á tónlistina b. Leita að sögum á netinu c. Hafa samband við foreldra	Starfsmenn hvarrar deildar fyrir sig	Upplýsingar frá börnum (foreldrum) sem ferðast til annarra landa. Efni á internetinu. Tónlist.	Tvö ár en skipt niður eftir heimsálfum á hvoru skólaári fyrir sig.	Umræður við hvert tækifæri, við matarborðið, í samverustund ofl.
2. Fræðast um lífsgæði í öðrum löndum	a. Leita að upplýsingum á netinu b. Hafa samband við foreldra c. Skoða bækur	Starfsmenn hvarrar deildar fyrir sig	Upplýsingar frá börnum (foreldrum) sem ferðast til annarra landa. Efni á internetinu. Bækur.	Tvö ár en skipt niður eftir heimsálfum á hvoru skólaári fyrir sig.	Umræður við hvert tækifæri, við matarborðið, í samverustund ofl.
3. Kynnumst mat og venjum frá öðrum löndum	a. Leita að upplýsingum á netinu b. Hafa samband við foreldra c. Skoða bækur	Starfsmenn hvarrar deildar fyrir sig	Upplýsingar frá börnum (foreldrum) sem ferðast til annarra landa. Efni á internetinu. Bækur.	Tvö ár en skipt niður eftir heimsálfum á hvoru skólaári fyrir sig.	Umræður við hvert tækifæri, við matarborðið, í samverustund ofl.
4. Kynnast fatnaði frá öðrum löndum	a. Hafa samband við foreldra b. Leita að upplýsingum á netinu c. Skoða tímarit	Starfsmenn hvarrar deildar fyrir sig	Upplýsingar frá börnum (foreldrum) sem ferðast til annarra landa. Efni á internetinu. Tímarit.	Tvö ár en skipt niður eftir heimsálfum á hvoru skólaári fyrir sig.	Umræður við hvert tækifæri, við matarborðið, í samverustund ofl.
5. Fræðast um framleiðslu frá öðrum löndum	a. Leita að upplýsingum á netinu b. Hafa samband við foreldra c. Skoða merkingar	Starfsmenn hvarrar deildar fyrir sig	Upplýsingar frá börnum (foreldrum) sem ferðast til annarra landa. Efni á internetinu.	Tvö ár en skipt niður eftir heimsálfum á hvoru skólaári fyrir sig.	Umræður við hvert tækifæri, við matarborðið, í samverustund ofl.